

46. fundur skólaráðs Grunnskóla Fjallabyggðar

Fundurinn haldinn 12.maí 2017 kl. 8.10 við Norðurgötu

Mættir: Jón Garðar Steingrímsson, Katrín Freysdóttir og Brynja Ingunn Hafsteinsdóttir fulltrúar foreldra. Halla Óladóttir fulltrúi kennara, Daníela Jóhannsdóttir fulltrúi starfsmanna, Ríkey Sigurbjörnsdóttir aðstoðarskólalastjóri. Fyrir hönd nemenda mættu Hilmar Þór Halldórsson og Joachim Birgir Andersen. Jónína Magnúsdóttir skólalastjóri stjórnaði fundi.

Dagskrá:

1. Skóladagatal

Rætt um lokaútgáfu skóladagatals. Ábendingar komu um að hafa kynningarfundir fyrir foreldra snemma á skólaárinu. Í því sambandi var rætt um hvaða upplýsingar ættu að koma fram á slíkum kynningarfundum og þar á meðal væri gott að setja fram markmið um að hvaða árangri er stefnt með hvern námsþóp fyrir sig. Tryggja þarf að foreldrar hafi upplýsingar og aðgang að námskrá bekkja. Fram kom að kennarar nýta Mentor misvel til upplýsingagjafa til foreldra og nemenda t.d. hvað varðar heimanám.

2. Viðmiðunarstundaskrá

Skólalastjóri fór yfir viðmiðunarstundaskrá skólans en hún er óbreytt frá síðasta skólaári. Fram kom að GF uppfyllir viðmið um mínútufjölda í list- og verkgreinum. Viðmiðunarstundaskrá skólans fylgir viðmiðum aðalnámskrár. Á síðasta skólaári var gerð tilraun til að hafa 60 mín kennslustundir, örfáar kennslustundir eru 30 mín. Almennt er ánægja meðal kennara með þetta fyrirkomulag og fram kom á fundinum að nemendum finnst þetta fyrirkomulag betra en hið gamla. Þetta skipulag, með 60 mín kennslustundum verður því sett á næsta skólaár líka.

3. Valseðlar

Valseðlar fyrir 8.-10.bekk næsta skólaárs liggja fyrir. Skólalastjóri kynnti þá fyrir fundarmönnum. Skólalastjóri sagði frá forvali meðal nemenda sem notað var til að grysja út þær valgreinar sem nemendur vildu ekki sækja um. Ábending kom frá foreldri á fundinum að senda hefði átt slíkt forval heim með nemendum til að gefa foreldrum kost á að ræða málin við nemendur.

4. Spá um nemendafjölda næstu árin

Skólalastjóri sýndi fundarmönnum skjal með spá um nemendafjölda GF næstu árin. Þar má sjá að miklar sveiflur eru í nemendafjölda milli árganga.

5. Önnur mál.

Næsti fundur er áætlaður í vikunni 22.-26.maí. Þá er ætlunin að skoða niðurstöður nemendakönnunar og ræða nánara skipulag næsta skólaárs.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 9.20

Ríkey Sigurbjörnsdóttir